



2. október 2020

**Varðar:** Sérstök aðgát í íþróttahúsum/mannvirkjum sem eru í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til 12. október.

Nýgengni smita á höfuðborgarsvæðinu er umtalsvert hærra en á landinu. Frá því 14. september hafa komið upp 607 smit á landinu öllu og af þeim eru 519 á höfuðborgarsvæðinu eða um 86%. Í takt við þessar tölur hefur einstaklingum í einangrun á höfuðborgarsvæðinu fjölgað úr 62 í 509 eða ríflega áttfaldast og hið sama á við einstaklinga í sóttkví.

Þessi aukning hefur haft mikil áhrif inn í skólasamfélagið og fjöldi farið í sóttkví. Víða hafa heilu árgangarnir og jafnvel skólarnir þurft að loka vegna þess hversu margir hafa verið settir í sóttkví. Þetta er alvarleg staða sem ekki er hægt að líta fram hjá og verða allir að leggja allt kapp á að tryggja að skóla og tómstundarstarf sem og íþróttastarf barna fædd 2005 og síðar haldist óskert. Til að svo megi vera þarf að grípa til aukinna ráðstafana og færa ákveðnar fórnir. Við ætlum okkur að vera bjartsýn og horfa til 12. október með fyrirvara um þróun mála hvað varðar frekari smit á okkar svæði.

Á vikulegum fundi með stjórnendum íþróttastarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að viðhafa aukna aðgát í íþróttahúsnæði sveitarfélaganna og grípa til eftirfarandi ráðstafana fyrir utan hefðbundnar sóttvarnir sem eru eftirfarandi:

- Foreldrar og forráðamenn séu ekki viðstödd æfingar og frístundastarf barna og komi ekki inn í íþróttasal.
- Hafi börn ekki þroska eða aldur til að vera ein í íþróttatíma t.d. íþróttaskóla barna þá fellur sá tími niður.
- Foreldrar og forráðamenn fylgi fyrirmælum um innkomu inn í íþróttasalina.
- Starfsemi sem ekki tilheyrir ÍSÍ og þeirra reglum um sóttvarnir og skipan sóttvarnafulltrúa er ekki heimil.

Fundað er reglulega með stjórnendum íþróttastarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að samræma verklag, miðla reynslu og upplýsingum milli aðila. Ákvarðanir um næstu skref verða teknar með þessum aðilum og næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 8. október og verða þær sendar til þeirra sem málið varðar.

Þessar takmarkanir eru vissulega þyngjandi en það er mikilvægt að vernda skólasamfélagið og ungvíðið og gera allt sem við getum til að sú starfsemi raskist sem minnst. Við viljum einnig hvetja önnur íþróttahús og frístundastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu sem ekki falla undir sveitarfélögin að gera slíkt hið sama því það er mikilvægt að allir geri allt sem hægt er til að vernda þá sem hér er um ræðir. Tilgangurinn er ekki til að raska íþróttastarfi né keppnum barna, heldur að halda því gangandi.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,  
framkvæmdastjóri  
almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.